

Jólasveinn úr greinum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Tengjast textíl, hönnun og smíði á yngsta stigi.

Þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Textílmennt, hönnun og smíði.

Aldur: Yngsta stig og miðstig.



VERKLÝSING

Grein klippt í þrjá búta, tvo jafnlanga fyrir fætur og einn styttri fyrir handleggji. Greinarnar eru bundnar saman í kross ofarlega.

Filt er sniðið í rétthyrning. Lítið gat klippt í miðju og kallinn klæddur í. Bundið um mitti með snæri.

Andlit teiknað á plötuna og hún fest. Hægt er að nota lopa fyrir hár og líma á höfuðið.

Filt er sniðið í þríhyrning þannig að hægt sé að búa til húfu sem límd er á plötuna.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Best er að sækja greinarnar með hálfmánaðar fyrirvara og geyma þangað til á að nota þær, því að þær rýrna við geymslu.

Grannar, beinar greinar, t.d. af víði, rautt filt, þunn sporöskjulaga plata, söguð úr grein, sláturgarn eða grannt snæri, klippur, skæri og litir. Ull eða lopi í hár ef vill. Lím, t.d. úr límbyssu.